

TIL: Hafnarfjarðarbæjar

B.t. Geirs Bjarnasonar, Kristínar Thoroddsen

FRÁ: Umsjónarmönnum félagshesthúss og Hestamannafélaginu Sörla

8. ágúst 2019

DRÖG

Efni: Umsókn um styrk frá Hafnarfjarðarbæ vegna reksturs félagshesthúss.

Frá janúar til byrjun júní 2019 stóð Hestamannafélagið Sörli að rekstri félagshesthúss Sörla. Markmið starfsins var að veita þeim börnum tækifæri til þess að stunda hestamennsku sem ekki hafa tækifæri eða stuðning til þess af sjálfsdáðum og auka þannig líkur á nýliðun félagsmanna í Sörla. Starfið reyndist hins vegar einnig mikilvægt tækifæri fyrir börn og unglunga hvað varðar félagsleg samskipti, meðal annars fyrir börn með ýmsar greiningar og sérþarfir .

1. Samantekt á starfinu og þróun þess frá janúar til júní 2019

Þann 21. janúar 2019 tók félagshesthúsið í Sörla formlega til starfa. Í byrjun starfsins voru 8 börn/unglingar skráð í starfið, á aldrinum 8 til 16 ára, allt frá byrjendum upp í lengra komna. Fljótlega kom í ljós að nauðsynlegt væri að skipta börnunum/unglingunum niður í tvo hópa, yngri og eldri hóp. Hóparnir mættu hvor um sig tvisvar í viku í verklega kennslu. Í verklegri kennslu fólst að börnin lærðu undirstöðuatriði í umhirðu og velferð hrossanna. Þegar umhirðu var lokið fengu börnin að fara á bak og var markmiðið að kenna börnunum góða reiðmennsku og nauðsynlegar liðkunar og leiðtogaæfingar, með það að leiðarljósi að gera þau eins sjálfstæð í sinni hestamennsku og raunhæft var, með tilliti til framvindu færni þeirra. Þegar leið á önnina bættust fleiri börn í hópinn og í lok annar voru þau orðin 15.

Verklegu tímarnir fóru fram á milli kl. 16.00 og 18.00, alla virka daga að undanskildum miðvikudögum. Eldri hópurnir mætti á mánudögum og fimmtudögum en yngri hópurnir á þriðjudögum og föstudögum. Sá tími sem fór í verklegu tímanna teygðist þó aðeins í báða enda, vegna áhuga barnanna og þarfa foreldra. Raunverulegur tími sem fór í sjálfa verklegu tímanna var frá amk. kl. 16.00 til kl. 18.30. Hóparnir hittust svo sameiginlega einu sinni í viku, ýmist á laugardögum eða sunnudögum, í tvo tíma í senn, þar sem viðfangsefni tímans var ýmist markviss fræðsla eða áhersla á skemmtun, félagsleg tengsl og samskipti. Sá tími sem fór eingöngu í kennslustundir á viku voru þannig samtals amk. 14 stundir.

Fljótlega kom í ljós að börnin stóðu misjafnlega vel að vígi hvað varðar félagslega færni og hafa nokkur þeirra sérþarfir sem koma þurfti til móts við. Bæði er um að ræða börn með greiningar og börn sem koma úr flóknum eða erfiðum fjölskylduaðstæðum. Það var því frábært að sjá hversu gefandi starfið reyndist og hvernig félagshesthúsið og ást barnanna á hestum sameinaði þau og veitti þeim tækifæri til að mynda ný vinatengsl og efla sjálfstraust sitt og sjálfsmýnd. Eins og áður sagði varð starfið fljótt, að sögn foreldra og forráðamanna, mikilvægur hluti af lífi barnanna og er því mikilvægt að starfið geti haldið áfram að vaxa og dafna. Án félagshesthússins væru börnin stödd þar sem áður var, án aðstöðu og tækifæris til þess að stunda hestamennsku. Til viðbótar upphaflegu markmiði, sem var að efla nýliðun

innan raða félagsmanna Sörla, er ljóst að starfið hefur einnig mikið félagslegt- og menningarlegt gildi sem Sörli vill gjarnan halda áfram að efla.

2. Nánari lýsing á starfinu

Ákveðið var í upphafi að í starfinu myndi felast bæði bókleg og verkleg kennsla, og að verklega kennslan myndi snúa bæði að umhirðu hrossa og reiðmennsku. Til að tryggja markvisst og faglegt starf þarf að skipuleggja fram í tímann hvað á að gera í hverjum tíma fyrir sig og hvaða markmiðum á að ná yfir önnina. Þó er mikilvægt að hafa skipulagið sveigjanlegt, bæði til þess að hægt sé að bregðast við óútreiknanlegum aðstæðum eins og veðri og færð, veikindum eða forföllum í hópnum, og til að geta tekið tillit til óska og áhuga krakkanna. Því er nauðsynlegt að umsjónarmenn gefi sér nægan tíma í undirbúning, líkt og þjálfarar annarra íþróttagreina. Ákveða þarf dagskrá hvers tíma fyrir sig og ákveða hverju sinni hvaða barn skal sinna hvaða verkum.

Fljótlega kom í ljós að farsælast væri að úthluta hverju barni ákveðnum verkefnum í hverjum tíma sem það þarf að ljúka áður en það hefst handa við að leggja á. Bæði er það til þess að koma í veg fyrir að sömu verk falli alltaf á herðar sömu krakkanna og til að gæta þess að verkin dreifist jafnt á alla. Þá þarf að ákveða hverju sinni hvaða hestur hentar hvaða barni fyrir verkefni viðkomandi tíma. Undirbúningur hvers tíma tekur um 30 mínútur og nemur undirbúningstími hverra viku þannig um 2,5 tímum.

Loks er ýmis frágangur sem þarf að sinna eftir tíma. Meðal annars þarf að fara yfir það hvort gengið hafi verið rétt frá öllum búnaði og reiðtygjum, innan húss og utan, sjá til þess að öll hross hafi tekið til við að borða, fara yfir læsingar á stíum þar sem að þær eiga til að kviklæsast, ganga frá inn á kaffistofu, fara yfir húsið og sjá til þess að hurðir inn í hlöðu og kaffistofu séu lokaðar. Frágangur vegna hvers tíma tekur um 15 mínútur. Þannig fer rúmlega klukkustund í frágang eftir tíma á viku.

3. Önnur vinna er varðar hesthúsið og hrossin

Eins og fram kom hér að ofan sáu börnin sjálf um að taka húsið, gefa kvöldgjöf og undirbúa morgungjöf þá daga sem um verklega kennslu er að ræða, þ.e. 4 sinnum í viku. Hina 3 dagana sáu umsjónarmenn um öll verk, þ.e. setja hrossin út, hreyfa þau sem ekki hafa fengið næga hreyfingu eða ef einhver vandamál hafa verið í reið, taka húsið, taka gerðið, gefa kvöldgjöf og undirbúa morgungjöf. Þá þarf að taka inn rúllur, taka á móti og stafla sagi, fara ruslaferðir á Sorpu með rúllu og sagbaggaplast og annað rusl sem er fljótt að safnast upp, þrifa húsið o.fl. Tíminn sem fer í þessi verkefni er að meðaltali 3 tímar í hvert sinn. Samtals amk. 12 tímar á viku.

Umsjónarmenn þurfa einnig að vera í samskiptum við og kalla til dýralækni, ýmist til þess að yfirfara og sinna hrossum sem eru að koma ný inn í starfið (raspa, ormahreinsa og skaufa) eða ef einhver veikindi eða slys koma upp. Þá þarf að taka á móti dýralækninum, vera til staðar á meðan hann sinnir viðkomandi hrossi/hrossum og sinna meðferðinni sem þarf að veita í kjölfarið þegar um það er að ræða. Fylgjast með járningum, vera í samskiptum við og taka á móti járningarmönnum vegna hrossanna, en þau eru járnúð á u.þ.b. 8 vikna fresti og eftir þörfum. Vegna eðlis starfsins er meðalaldur hrossanna líklega með þeim hærri sem finnst í hesthúsum landsins. Þau þurfa því stundum meiri umönnun, aukagjafir til að halda holdum og meira eftirlit.

Til viðbótar samskiptum við dýralækna og járnarmenn sinna umsjónarmenn samskiptum við stjórn og framkvæmdastjóra Sörla, samskiptum við foreldra, halda uppi facebook síðu og var haldið úti sérstöku netfangi þar sem umsjónarmenn sáu um samskipti við foreldra.

Þá aðstoðuðu umsjónarmenn einnig á barnanámskeiði sem haldið var af Ástríði Magnúsdóttur, reiðkennara, á vegum Sörla. Umsjónarmenn lánuðu hross úr félagshesthúsinu svo öll þau börn sem vildu taka þátt, en höfðu ekki aðgang að hrossum, gætu komist að. Lánshrossin voru í 3 hópum af 5 og féll það í hlut umsjónarmanna að sjá um að leggja á hrossin og ferja þau fram og til baka í reiðhöllina, stilla ístöð og aðstoða börnin á bak. Þetta var skemmtileg og vel heppnuð viðbót í æskulýðsstarfið í Sörla og vill Sörli gjarnan halda áfram sambærilegu samstarfi, til dæmis vegna fyrirhugaðra námskeiða haustið 2019..

4. Tillögur að framtíðarstarfi félagshesthúss Sörla

Eftirspurn eftir plássum í félagshesthúsinu reyndist mikil og jókst eftir því sem starfið spurðist betur út. Fyrir liggur að amk. 13 börn af þeim sem tóku þátt á síðustu önn vilja stunda félagshesthúsið áfram og þá allt skólaárið, þ.e. frá september fram í júní og vilja foreldrar þeirra aðstoða og styðja við starfið eins og mögulegt er. Þá hafa umsjónarmönnum borist fjölmargar fyrirspurnir frá foreldrum áhugasamra barna, án þess að nokkuð hafi verið auglýst.

Ein af helstu forsendum þess að starf félagshesthússins geti haldið áfram, stækkað, þróast og elfst, er sú að hægt sé að hámarka nýtingu hrossa og þess tíma sem lagður er í verkefnið svo hægt sé að fjölga þátttakendum í starfinu og ná inn meiri tekjum af því.

Eftir síðustu önn eru nokkrir af unglíngunum orðnir tiltölulega sjálfstæðir í sinni hestamennsku og geta riðið út án aðstoðar. Þeir eru því komnir á það stig að geta einnig aðstoðað yngri og óreyndari þátttakendur og unnu nokkrir þeirra við að aðstoða á hestanámskeiðum fyrir börn nú í sumar.

Með tilvísan til ofangreinds leggja umsjónarmenn til að félagshesthúsið verið rekið allt skólaárið, líkt og annað hefðbundið tómskundastarf, þ.e. frá september og fram í júní ár hvert.

Lagt er upp með að þátttakendur geti verið 20-40, hóparnir verði 4-8 og alls 5-6 börn/unglingar í hverjum hóp. Fastir verklegir tímar yrðu 2 í viku (virka daga), fyrir hvern hóp, tveir klukkutímar í senn. Tímarnir yrðu mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 15.00 til 18.30. Til dæmis væru þannig hópar 1 og 2 á mánudögum og miðvikudögum og hópar 3 og 4 á þriðjudögum og fimmtudögum. Fyrri hópurinn yrði frá kl. 15.00 – 17.00 og seinni hópurinn yrði frá 16.30 til 18.30. Þannig yrði hálf tíma skörun þar sem hóparnir hittast, kynnst og hjálpast að við að ljúka tilteknum verkefnum. Ofangreint miðast við það að 20 pláss eru til reiðu í því húsi sem stendur til boða og miðað er við að hver hestur geti nýst tveimur börnum, eins og á síðasta starfsári. Ef öll pláss eru nýtt og tvö börn á hest væri uppröðun og tímasetning breytileg frá því sem hér er sagt.

Á laugardögum yrði boðið upp á opið hús þar sem börnunum/unglíngunum væri gefinn kostur á að mæta í fylgd foreldra sinna og sinna hrossunum, t.d. kemba, baða, teyma, lónsera o.s.frv., en þó almennt ekki að fara í reiðtúr og án sérstakrar aðkomu eða viðveru umsjónarmanna. Umsjónarmönnum hafa borist fjölmargar fyrirspurnir varðandi pollahópa. Þ.e. hópa fyrir yngri og óreynd börn sem langar mikið að kynnst hestamenskunni. Á sunnudögum yrði því lagt upp með að bjóða upp á tvo pollahópa, með 4 pollum í hverjum hóp, sem væru þá börn á

aldrinum 4 – 9 ára. Þau myndu mæta í fylgd foreldra og yrði boðið upp á umgengni við hrossin, kynnast helstu húsverkum og að láta teyma undir sér.

Börnunum/unglingunum í félagshesthúsinu yrði ráðað á vaktir til þess að aðstoða með pollahópana og ættu þess kost á að fara á bak í staðinn, að loknum pollatímunum. Þetta verkefni yrði tilraunaverkefni á ábyrgð umsjónarmanna og er því ekki tekið tillit til þess í kostnaðaráætlunum.

Ljóst er að þau hross sem dýrust eru í rekstri fyrir félagshesthúsið eru einkahrossin, þ.e. hross sem voru í eigu tiltekinna barna sem tóku þátt á þeim í félagsstarfinu. Þau hross nýtast bara viðkomandi börnum og því er ekki hægt að tvínýta þau og því má segja að fyrir hvert einkahross detti út pláss fyrir amk 1-3 börn í félagshesthúsinu. Þá hafa einkahrossin jafnframt verið þau hross sem hafa valdið hvað mestum vandræðum í starfinu af ýmsum ástæðum. Þegar upp komu vandamál með lánshrossin tóku umsjónaraðilar á því, riðu hrossunum til og ef ekki tókst að koma þeim í stand þannig að þau gögnuðust í starfið var þeim skilað til eigenda. Þegar vandamál koma upp varðandi einkahrossin er flóknara að finna lausnir á því. Ýmis vandamál komu upp í sambandi við þau einkahross sem tóku þátt í starfinu á síðustu önn, sem höfðu trúlandi áhrif á starfið og á endanum þurfti við að taka fyrir notkun tveggja þeirra af þremur, í tímum.

Umsjónarmenn telja því ráðlegast að bjóða ekki upp á að börn komi með sín eigin hross inn í starfið, eigi það að halda áfram með óbreyttu sniði. Þess í stað yrði boðið upp á fyrirkomulag sem fæli í sér að þau börn sem eiga einkahross og eru nægilega sjálfstæð til þess að ríða út sjálf án eftirlits, gætu átt þess kost að leigja stíu í félagshesthúsinu. Þá væri barnið/unglingurinn alfarið á eigin ábyrgð í félagshesthúsinu, gæti riðið út með öðrum börnum/unglingum sem væru með einkahross og í einhverjum tilvikum með þeim börnum/unglingum sem væru hvað sjálfstæðust í félagshesthússtarfinu. Börnin/unglingarnir og foreldrar þeirra bæru alfarið ábyrgð á umræddu einkahrossi. Þau tækju ekki þátt í kennslustundum en fengju aðstoð umsjónarmanna varðandi umsjón, uppihald og eftirlit með heilsu og velferð umrædds hross. Börnin/unglingarnir gætu hins vegar sótt kennslu m.a. í formi námskeiða sem haldin eru á vegum Sörla, líkt og knapamerki. Þó mætti mögulega bjóða börnum að koma með einkahross ef umsjónarmenn myndu meta það sem svo að hægt væri að nota umrætt/umrædd hross einnig undir önnur börn, ef viðkomandi barn og foreldrar væru sátt við slíkt fyrirkomulag.

Mikilvægt er að huga að því að tryggja starfsemi hennar hentugt húsnæði. Það þarf að hafa pláss fyrir amk 16-20 hross og góðar aðstæður fyrir fólk og hross. Kaffistofan þarf að vera rúm til að nemendur og umsjónarmenn geti haft gott aðsetur fyrir fræðslu og aðra afþreyingu, sérstaklega þegar illa viðrar. Þá þarf einnig að vera mögulegt að halda minni fundi innan félagshesthússins, m.a. foreldrafundi. Loks er afar mikilvægt að hafa góða útiaðstöðu, þ.e. gott vinnugerði þar sem börnin/unglingarnir geta unnið með hrossin, sérstaklega þegar illa viðrar og færið býður ekki upp á að fara í reiðtúr eða langt frá húsi. Gott gerði er jafnframt mjög mikilvægt í byrjun þjálfunar hjá byrjendum, þar sem þeir geta öðlast öryggi og sjálfstraust áður en haldið er lengra.

Einnig er mikilvægt að huga að því að starf félagshesthússins er liður í undirbúningi fyrir nýtingu hinnar fyrirhuguðu nýju reiðhallar og væntanlegs notagildis hennar, enda hefur verið gert ráð fyrir aðstöðu fyrir slíkt starf í fyrirbyggjandi teikningum. Gæta þarf þess vandlega að hugsa starfið fram í tímann og hugsa jafnframt út í það hvað á að taka við þegar

börnin/unglingarnir eru orðin sjálfstæð í sinni hestamennsku og vaxin upp úr félagsheshúsinu. Það væri mikil synd ef börnin/unglingarnir upplifðu sig utangátta og flosnuðu upp úr hestamenskunni að félagsheshúsinu loknu og í kjölfarið yrði markmiðinu um nýliðun ekki náð. Með tilvísan til framangreindrar umfjöllunar gæti afmarkaður fjöldi leiguplássa fyrir einkahross innan félagsheshússins gegnt slíku hlutverki, þ.e. verið vísir að því starfi sem unnt yrði að reka innan reiðhallarinnar. Þar gætu þau börn/unglingar sem eru orðin sjálfstæð í sinni hestamennsku stundað hana í vernduðu umhverfi, en slíkt starf er sambærilegt því starfi sem unnið hefur verið innan hestamannafélagsins Fáks.

Þar sem um takmarkaðan fjölda plássa verður að ræða innan hinnar fyrirhuguðu nýju reiðhallar, gæti einnig verið gott að horfa til þess að stofna teymi af „Bakhjörllum“ sem væru þá félagsmenn í Sörla sem væru tilbúnir að leigja sjálfstæðum unglingi aðstoðu á sanngjörnu verði og viðkomandi unglingur gæti þá séð um umhirðu hrossins og aðstoðað við húsverk, með þeirri kunnáttu sem það tekur með sér eftir dvölinna í félagsheshúsinu. Þannig myndu unglingarnir vita hvað tæki við eftir félagsheshúsið og áframhaldandi utanumhald og aðstoð tryggð. Slíkt starf væri hægt að þróa í framhaldi af rekstri félagsheshússins og byggingu reiðhallarinnar.

Ýmsir aðilar hafa komið að máli við Sörla og umsjónarmenn félagsheshússins og lýst yfir vilja til þess að aðstoða við verkefnið. Til þess að létta á umsjónarmönnum og tryggja að starfið geti gengið sem allra best verður stofnaður sérstakur stuðningshópur skipaður félagsmönnum Sörla sem eru reiðubúnir til þess að aðstoða við ýmsa hluti líkt og afleysingar í félagshúsinu, vinnu við viðhald, ef þarf og annað sem til gæti fallið.. Þannig geti umsjónarmenn leitað til vinnuhópsins þegar þörf er á aðstoð og útvistar stuðningshópurinn þeim verkefnum sem leysa þarf hverju sinni. T.d. mætti hugsa sér að í í stuðningshópi væru járnungmenn, e.t.v. dýralæknir, foreldrar hestakrakka í Sörla og aðrir áhugasamir einstaklingar um nýliðun og uppbyggingu barn- og unglingastarfs hjá Sörla. .

Loks hafa umsjónarmenn jafnframt lýst sig reiðubúna til þess að standa fyrir fjáröflunum af ýmsum toga í samstarfi við foreldra og börn/unglinga í félagsheshúsinu. Þá væri einnig vert að skoða áhuga á samstarfsverkefnum af ýmsum toga, til dæmis við félag eldir borgara í Hafnarfirði og/eða leikskóla í Hafnarfirði. Hugsanlegt væri að slíkar heimsóknir gætu skapað einhverjar tekjur fyrir starfið. Einnig er rétt að árétt að hér gæti líka verið á ferðinni skemmtilegt og fróðlegt kynningarstarf í samráði við grunnskóla í Hafnarfirði.

Félagið hefur einnig bent á að hægt væri að bjóða fötluðum í heshúsið og hugsanlega á hestbak í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

Í sem skemmstu máli má segja að möguleikarnir á samstarfi, fræðslu, kynningu og jákvæðri upplýfun eru fjölmargir. Hugsanlega má bæta rekstri félagsheshúss, og ákveðnum hluta starfsemi þess í rekstrarsamning Sörla við Hafnarfjarðarbæ, þannig að meðan félagið leigir húsnæðið og er með starfsmenn í þessu verkefni verði aukning sem því nemur í rekstrarsamningi. Hafnarfjarðarbær gæti skilgreint þá þjónustu sem hann ætlar að fá fyrir þessar greiðslur í samvinnu við Sörla og umsjónarmenn. Hugsanlegt er að slík leið sé góð til að gera ráð fyrir þessu nýja starfi, sem eftir hefur verið tekið hjá öðrum hestamannafélögum. Vakin er athygli á því að allt að 40 börn gætu stundað hestamennsku í húsinu ef það væri fullnýtt, auk þess sem kynningarstarf og annað getur farið fram þar samhliða.

5. Næstu skref

Nú eru foreldrar og börn að taka ákvarðanir um hvaða íþróttir/tómstundir börnin munu æfa næsta skólaár og sé ætlunin að starfrækja félagsheshús frá og með september og til og með maí, er nauðsynlegt að festa húsnæði undir starfseminum sem allra fyrst. Þá þurfa umsjónarmenn einnig að fá svör sem fyrst, eigi þeir að koma áfram að verkefninu.

Sörla stendur nú til boða að leigja húsnæði sem hentar einstaklega vel undir starfseminum. Eigendur hússins vilja styðja við verkefnið, þ.e. starfsemi félagsheshússins og hafa því boði Sörla að leigja húsnæðið frá 1. september 2019. Þar sem að eigendurnir gætu verið búnir að leigja húsnæðið út nú þegar, hafa þeir óskað eftir því að staðfesting liggi fyrir á því hvort Sörli hyggist leigja húsnæðið fyrir þann 1. ágúst 2019, ella verður húsnæðið leigt öðrum. Því miður er það svo að það eru ekki mörg hús á félagssvæði Sörla sem henta starfseminni og því er um mjög gott tækifæri að ræða og alls óvíst hvort annað hús stendur til boða næsta ár. Í ljósi þess hversu mikilvægu og fjölbreyttu starfi félagsheshúsið getur staðið fyrir óskar Sörli þess að Hafnarfjarðarbær styrki verkefnið í formi þess að greiða a.m.k. fyrir leigu á húsnæði undir félagsheshúsið og ef um það er að ræða að skoðað verði hvort greitt verði fyrir börn sem kæmu í starfið með greiningar eftir þeim leiðum sem fyrir hendi eru varðandi slíkt og hugsanlega þá einhver laun starfsmanna ef hægt er. Þá hyggst Sörli jafnframt kosta starfið með fjárframlagi á hverju ári af þeim fjármunum sem félagið hefur til ráðstöfunar, allt að 1 mkr. Með tilvísan til meðfylgjandi kostnaðaráætlunar ætti starfsemi félagsheshússins að vera tryggð 9 mánuði á ári, að gefnum þeim forsendum að Hafnarfjarðarbær leggi a.m.k. til fjármuni er samsvarar leigu á húsnæði og Sörli leggi til styrk í verkefnið því til viðbótar. Félagið hefur einnig leitað til styrktaraðila um fjárstöðning við þetta samfélagslega mikilvæga verkefni og hefur fengið jákvæðar viðtökur við því.

6. Umsagnir foreldra

Að lokum koma hér dæmi um nokkrar af þeim umsagnir sem foreldrar hafa veitt um starfið. Til upplýsinga var þess gætt að afla samþykkis foreldra fyrir að deila þeim áfram til Hafnarfjarðarbæjar:

Jóna Guðbjörg Torfadóttir: „Oddný er alsæl og bíður hvers tíma með mikilli eftirvæntingu. Allt annað þarf helst að víkja því hún má vart hugsa til þess að missa af tímunum. Þá er hún enn fremur afar ánægð með kennarana!“

Íris Ósk Jóhannesdóttir: „Hrafnhildur Rán er alsæl og mætir alltaf með tilhlökkun (hún hefur helst vilja mæta alla daga) ☐ svo talar hún mikið um að það sé alltaf gaman, svo er hún að sjálfsögðu mjög ánægð með kennarana alltaf ! Svo erum við foreldrarnir líka alsæl með þetta allt saman, eigið hrós skilið, eruð alveg magnaðar! ☐“

Birna Ólafsdóttir: „Margrét Eir og Steinunn Anna eru mjög ánægðar á námskeiðinu fara alltaf spenntar og fullar tilhlökkunar. Þær upplifa mikla jákvæðni, gleði og lærdóm í hestahúsinu. Vildu helst vera þarna á hverjum degi. Vilja aldrei hætta eins og þær segja alltaf. Frábærir kennarar í alla staði góðir og jákvæðir við krakkana. Gætu ekki verið betri. Conceptið í heild að virka ekki bara útreiðatúrar heldur læra og þurfa að sinna hestunum og þörfum þeirra.“

Petrína Soffía Eldjárn: „Hef ekki fundið tómstund sem hentar minni stelpu jafnvel og þessi gerir. Þetta var löngu tímabært og við erum mjög ánægð með að hafa dottið inn í þetta starf. Virkilega sátt við tímasetningar, uppsetningu og kennara.“

Kolbrún Kristjánsdóttir: „María er alsæl með starfið og einnig foreldrnir! Hún væri til í að búa í hesthúsinu eins og hún segir sjálf. Finnst frábært að hún fái að koma að öllu varðandi hestinn ekki bara ríða út, gera öll húsverk og þess háttar. Kennararnir eiga stórt hrós skilið fyrir sitt starf og eiga klárlega stóran þátt í vellíðan og gleði Maríu með sinni frábæru kennslu og nærveru:).Ég datt svo sannarlega í lukkupottinn með ykkur! Hún algjörlega elskar að vera hjá ykkur og talar svo vel um starfið. Hún hefur þráð þetta frá ungaaldri og finnst svo hún svo innilega heppin að hafa hitt í ykkar hendur“

Umsjónarmenn og stjórn Sörla